



## **Gjaldskrá** **fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps í Borgarbyggð**

### 1. grein

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki kr. 33.200,- á hverja jörð eða sumarhús.

### 2. grein

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. grein skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur kr. 34,50 kr/m<sup>3</sup>. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5 l/dag
Geldneyti	26 l/dag
Kálfar	13 l/dag
Kýr	65 l/dag
Hross	17,5 l/dag
Svín	10 l/dag
Grísir	5 l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

### 3. grein

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 01. maí og eindagi mánuði síðar.

### 4. grein

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.



5. grein

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1717/2021.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 07. desember 2022.

Borgarnesi 19. desember 2022

---

Stefán Broddi Guðjónsson  
*sveitarstjóri*